



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Fjölmenningarráð

**Sendandi:** Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins

---

### ***Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að breyta samþykkt fjölmenningarráðs Reykjavíkurborgar***

Fjölmenningarráð beinir því til borgarráðs, í samhengi við mótun stefnu um fjölmenningarborgina Reykjavík, að samþykkt fjölmenningarráðs verði endurskoðuð. Við þá endurskoðun verði sérstök áhersla lögð á að skerpa á hvert sé hlutverk fjölmenningarráðs og hvernig það sé skipað.

#### **Greinagerð:**

Endurskoða þarf samþykkt fjölmenningarráðs Reykjavíkurborgar. Í framkvæmd verður ekki séð að starfsemi ráðsins sé í samræmi við einstök ákvæði samþykktarinnar. Með þessu er sérstaklega átt við að önnur ráð og nefndir innan borgarkerfisins leita ekki til fjölmenningarráðs þegar kemur að ráðgjafarhlutverki fjölmenningarráðs um málefni og hagsmuni borgarbúa sem snúa að innflytjendum og fólki með erlendan bakgrunn, sbr. 1. ml. 1. mgr. 2. gr. samþykktar fjölmenningarráðs Reykjavíkurborgar. Einnig hefur það lengi tíðkast að grunnviðmið um jöfn kynjahlutföll innan ráðsins séu ekki virt. Með þessu er ekki verið að segja að verið sé að brjóta lög, heldur hitt að kynjahlutföllin í starfsemi ráðsins hafa lengi verið í ójafnvægi. Jafnframt hefur samfélag fólks með erlendan bakgrunn breyst hratt í Reykjavík síðan gildandi samþykkt tók gildi í nóvember 2018. Nærtækt er að skipan í ráðið taki mið af því, t.d. hefur sendiherra-verkefnið í Breiðholti þróast með afar jákvæðum hætti undanfarin misseri og það er í senn nauðsynlegt og æskilegt að fulltrúi frá því verkefni eigi sæti í fjölmenningarráði Reykjavíkurborgar.